



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um þingsályktunartillögu um rannsókn á embættisfærslum og ákvörðunum íslenskra stjórnvalda og samskiptum þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu, 139. löggjafarþing 2010-2011, þingskjal 5 – 5. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem rannsaka skuli embættisfærslur og ákvarðanir íslenskra stjórnvalda og samskipti þeirra við bresk og hollensk stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Evrópska efnahagssvæðinu. Skal nefndin, samkvæmt tillögunni, leggja mat á það hvort einstakir ráðherrar eða embættismenn á þeirra vegum hafi fylgt þeim lagareglum sem um störf þeirra gilda, brotið starfskyldur sínar eða gerst sekir um mistök eða vanrækslu í hagsmunagæslu fyrir íslenska ríkið og íslensku þjóðina. Hún á einnig eftir atvikum að leggja mat á það hverjir beri á þeim ábyrgð. Með þessu á að ná fram uppgjöri á framgöngu íslenskra stjórnvalda í Icesave-málinu sem rík krafa sé um í samfélaginu.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri.